



ÍSAFJARÐARBÆR

Reglur Ísafjarðarbæjar um afslátt af fasteignagjöldum fyrir elli- og örorkulífeyrisþega 2021

1. gr.

Tekjulágum ellilífeyrisþegum, 67 ára og eldri sem og örorkulífeyrisþegum sem eiga lögheimili í Ísafjarðarbæ er veittur afsláttur af fasteignagjöldum, samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar ár hvert og reglum þessum, sbr. heimild í 4. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

2. gr.

Afsláttur af fasteignagjöldum miðast við þá grunnforsendu að elli- og örorkulífeyrisþegar eigi og búi í því húsnæði sem afslátturinn er veittur af.

3. gr.

Ef eigendur eignar eru fleiri en einn og einhver þeirra uppfyllir skilyrði um afslátt er veittur afsláttur skv. 1. gr. í samræmi við eignarhlut hans/þeirra. Þetta á þó ekki við um hjón eða sambúðarfólk þar sem vísað til 6. gr. við meðferð máls.

4. gr.

Til að geta átt rétt á afslætti þarf greiðandi fasteignaskatts að uppfylla annað eftirfarandi:

- Að vera ellilífeyrisþegi, þ.e.a.s. hafa orðið 67 ára árinu á undan álagningarári.
- Að vera örorkulífeyrisþegi, þ.e.a.s. hafa a.m.k. 75% örorku á árinu á undan álagningarári. Einnig geta þeir sem eru úrskurðaðir 75% öryrkjar á álagningarári sótt um hlutfallslega lækkun frá því að örorkumat tók gildi. Sama gildir um einstaklinga sem fá greiddan endurhæfingarlífeyri.

5. gr.

Afsláttur af fasteignagjöldum reiknast af fasteignaskatti og holræsagjaldi.

6. gr.

Tekjumörk og afsláttur á árinu 2021:

- Afsláttur er veittur samkvæmt eftirfarandi töflu:

Afsláttur	Einstaklingar	Hjón/sambúðarfólk
100% ef tekjur allt að	3.755.000	6.008.000
80% ef tekjur allt að	4.206.000	6.729.000
60% ef tekjur allt að	4.711.000	7.537.000
40% ef tekjur allt að	5.276.000	8.441.000
20% ef tekjur allt að	5.909.000	9.454.000

- b) Hærri tekjur gefa engan afslátt.
- c) Til tekna teljast tekjur sem mynda stofn til tekju- og útsvarsstofns að viðbættum fjármagnstekjum skv. skattframtali. Miðað er við sameiginlegar tekjur hjóna og sambúðarfólks.
- d) Hámarks afsláttur er kr. 100.000,-.
- e) Við álagningu fasteignagjalda ár hvert er afsláttur unninn á sjálfvirkan hátt í gegnum vinnslu álagningarkerfisins. Forsendur eru sóttar í gegnum vefþjónustu RSK og byggist á tekjum þar síðasta árs.

7. gr.

Við fráfall maka skulu fasteignaskattur og holræsagjald af íbúðarhúsnæði sem maki hins látna (hinnar látnu) á og býr í falla niður af fullu fyrsta árið, þó að hámarki kr. 100.000,-.

8. gr.

Umsóknarfrestur um afslátt af fasteignagjöldum er til og með 28. febrúar ár hvert.

9. gr.

Falli aðstæður umsækjanda um afslátt af fasteignagjöldum ekki undir þessar reglur er velferðarnefnd Ísafjarðarbæjar heimilt að ákveða um lækkun eða niðurfellingu fasteignagjalda og skulu reglur þessar þá hafðar til grundvallar, ásamt greinargerð.

10. gr.

Rísi ágreiningur um túlkun reglna eða afgreiðslu mála skal málinu vísað til velferðarnefndar Ísafjarðarbæjar.